

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Miðengi, L168261, Álfabyggð 24, breytt afmörkun.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Álfabyggðar 24 í landi Miðengis, L168261.

Í breytingunni felst stækkun lóðar og breytt staðsetning hornstólpa á búfjárgirðingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. desember 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 16. desember 2024